



STOFNUN VILHJÁLMS STEFÁNSSONAR
STEFANSSON ARCTIC INSTITUTE

9. apríl 2024

Þingskjal 1250 – 832. Mál

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997

Samhliða brottfalli þessara laga, samkvæmt frumvarpinu, er gert ráð fyrir því að Háskólinn á Akureyri taki við eignum og skuldbindingum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og að starfsfólk stofnunarinnar sem er í starfi við gildistöku laganna verði starfsfólk Háskólans á Akureyri með sömu ráðningarkjörum og áður giltu.

Frumvarp þetta hefur haft ákveðinn aðdragandi eins og fram kemur í greinargerð sem fylgir því. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur haft samráð við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar í þessum undirbúningi, m. a. í tengslum við endurskoðun á stofnanaskipulagi ráðuneytisins. Einnig hafa farið fram viðræður milli Háskólans á Akureyri (HA) og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar (SVS) um samruna þessara stofnana og sérstök nefnd þessarar aðila er í þann veginn að hefja störf til að undirbúa framkvæmd samrunans.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins né einstakar greinar þess en vill benda á að sameining HA og SVS geti skapað ýmis tækifæri til að efla rannsóknir á sviði norðurslóða sé rétt að verki staðið.

HA og SVS eiga nú þegar í margvíslegu samstarfi um kennslu og rannsóknir og vinna þétt saman innan Háskóla norðurslóða. HA býður upp á nám í norðurslóðafræðum á BA stigi, meistaranám í heimskautarétti, hýsir stöðu Nansen rannsóknaprófessors og starfrækir Heimskautaréttarstofnun og Rannsóknarþing norðursins. HA rekur nú þegar öfluga stoðþjónustu á mörgum sviðum og hefur burði til að veita SVS aðstöðu þannig að SVS geti einbeitt sér í enn ríkari mæli að sinni kjarnastarfsemi, þ.e. rannsóknum. Með þessari sameiningu skapast því tækifæri til að efla enn frekar gjöfult samstarf.

Til að tryggja áframhaldandi slagkraft Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar þykir rétt að setja sérstakar reglur um stofnunina sem vísindalega rannsókn- og fræðastofnun sem staðsett



STOFNUN VILHJÁLMS STEFÁNSSONAR

STEFANSSON ARCTIC INSTITUTE

er við Háskólann á Akureyri. Í framhaldi af starfi forvera síns yrði hin nýja háskólastofnun vettvangur rannsókna í norðurslóðafræðum og starfaði í alþjóðlegu vísindaumhverfi með áherslu á þverfagleg mannvísindi. Stofnunin heyrði undir Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og styrkti kennslu í grunn- og framhaldsnámi í norðurslóðafræðum og heimskautarétti í deildum háskólans.

Hlutverk Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar við Háskólann á Akureyri gætu verið eftirfarandi:

- a) Afla nýrrar þekkingar í norðurslóðafræðum með því m.a. að stunda rannsóknir í viðfangsefnum er varða velferð íbúa og sjálfbærni svæðisins í tengslum við samfélagsþróun, auðlindanýtingu, aðlögun að loftslagsbreytingum og efnahagsþróun.
- b) Hýsa öndvegissetur og vera vettvangur mannauðs og rannsókna í norðurslóðafræðum sem eflir samfélag rannsækenda um sjálfbæra samfélags- og hagþróun á svæðinu.
- c) Veita ráðgjöf um málefni norðurslóða.
- d) Starfa með innlendum og erlendum háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum með gagnkvæma miðlun þekkingar í huga.
- e) Efla kennslu í grunn- og framhaldsnámi í norðurslóðafræðum og heimskautarétti við Háskólann á Akureyri, m.a. með því að byggja upp frjótt rannsóknnaumhverfi fyrir nemendur í rannsóknanámi.
- f) Efla Akureyri sem íslenska og alþjóðlega miðstöð í málefnum norðurslóða.
- g) Gangast fyrir námsskeiðum og fyrirlestrum um norðurslóðafræði.

Fram að þessu hefur Stofnun Vilhjálms Stefánssonar haft mikilvægt forystuhlutverk í rannsóknum á sínu fræðasviði. Til að byggja upp þessar rannsóknir hefur hún m.a. notað verkefnastyrki sem eru að mestu fengnir úr erlendum rannsóknarsjóðum í harðri samkeppni við aðra rannsóknaaðila á þessu sviði. Engin opinber stofnun hér á landi hefur hlotið eins mikið fjármagn til norðurslóðarannsókna úr samkeppnissjóðum ESB undanfarinn áratug og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og útlit fyrir að sú staða haldist. Staðsetning hennar innan háskóla ætti að styrkja forystuhlutverk hennar á sviði rannsókna enn frekar. Þessar metnaðarfullu rannsóknáherslur kalla hins vegar á aukin framlög til SVS þannig að nýliðun sérfræðinga og eðlileg uppbygging eigi sér stað og stofnunin sé í stakk búin að takast á við stór og samfélagslega mikilvæg viðfangsefni í rannsóknum.

Í stefnu stjórnvalda í málefni norðurslóða er lögð áhersla á að byggist upp miðstöð norðurslóða á Akureyri en þar er sem kunnugt er margs konar önnur starfsemi sem tengist rannsóknum, vöktum og miðlun þekkingar um norðurslóðir. Um þetta er fjallað í



STOFNUN VILHJÁLMS STEFÁNSSONAR
STEFANSSON ARCTIC INSTITUTE

greinargerð sem fylgdi með frumvarpinu en tekið er undir það sjónarmið að með samruna HA og SVS gefst tækifæri til að skoða og endurmeta samstarfsmöguleika við aðra norðurslóðaaðila á Akureyri.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Dr. Níels Einarsson

Forstöðumaður

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar